

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1625
komudagur 1.4. 2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2004

Efni: Till. til þingsál. um erlendar starfsmannaleigur (125. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Markmið þessarar tillögu er að félagsmálaráðherra undirbúi og leggi fram frumvarp þess efnis að tryggt verði að erlendir starfsmenn sem koma hingað til starfa á vegum starfsmannaleigna njóti sambærilegra réttinda og Íslendingar á vinnumarkaði. Auk þess á frumvarpið að koma í veg fyrir dulin undirboð á vinnumarkaði og tryggja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Verslunarráð hefur lagt á það áherslu að erlent vinnuafli eigi greiðan aðgang að störfum hér á landi. Verslunarráð vill því ekki taka undir þau orð greinargerðar með þingsál. til. þar sem segir: „nýr hreyfanleiki vinnuafli hefur skapað glufur fyrir fyrirtæki einsog starfsmannaleigur til að flytja vinnuafli yfir landamæri...” Verslunarráð telur að hér séu engar „glufur” á ferð heldur mikil sóknafæri fyrir íslenskt atvinnulíf. Verslunarráð tekur hins vegar undir með flutningsmönnum að mikilvægt sé að tryggja rétt erlendra starfsmanna og tryggja um leið samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Það er hluti af EES samningnum og hefur tilskipun ESB um útlenda starfsmenn verið innleidd hér á landi. Lög nr. 54/2001 um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu utan Íslands og sendir starfsmann hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu. Þegar slíkt fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laganna gilda íslensk lög um starfskjör hans og reglur settar á grundvelli þeirra, án tillits til erlendra löggjafar sbr. 3. gr. I. nr. 54/2001. Jafnframt eiga trúnaðarmenn samkvæmt kjarasamningum rétt á að afla sér allra nauðsynlegra upplýsinga leiki grunur á að verið sé að brjóta á réttindum starfsmanna.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS


ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Verslunarráð Íslands sér ekki þörf á að fela félagsmálaráðh. að undirbúa umrætt frumvarp og getur því ekki verið samþykkt þingsál.tillögu þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigprúður Ármann

Sigprúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is